



1. Almennar skyldur.

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að koma á vinnuverndarstarfi sem tekur til allra vinnuaðstæðna sem geta haft áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna. Skal hann m.a. sjá til þess að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar með talið áhættumat og áætlun um heilsuvernd/forvarnir.

Starfsmenn skulu stuðla að því að vinnuaðstæður innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi og taka þátt í vinnuverndarstarfinu.



2. Persónuhlífar.

Starfsmenn við byggingarvinnu skulu nota öryggishjálms og öryggisskó með stálhettu og stálplötu í sóla. Einnig aðrar persónuhlífar eftir því sem nauðsynlegt er svo sem öndunargrímur, heyrnarhlífar, hanska, augnhlífar og andlitshlífar, öryggisbelti tengt öryggislinu o.s.frv. Atvinnurekandi leggur til viðeigandi persónuhlífar, starfsmenn eru skyldugir til að nota þær.



3. Vinnupallar.

Vinnupallar skulu hannaðir, byggðir, notaðir og þeim haldið við þannig að tryggt sé að starfsmenn falli ekki af þeim eða pallurinn geti ekki fallið niður. Á vinnupöllum yfir 2 m á hæð skal vera handrið og hnélisti, og fótlisti þar sem þörf er á.

4. Vinna í mikilli hæð.

Við tímabundna vinnu í hæð þar sem fallhætta er fyrir hendi skal velja þau tæki sem best tryggja öruggar starfsaðstæður. Við vinnu í mikilli hæð skal nota öryggisbúnað eins og handrið. Nota skal persónuhlífar ef ekki er unnt að koma við almennum öryggisráðstöfunum, svo sem öryggisbelti tengt öryggislinu og jafnvel öryggisnet.

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, má finna lög og reglur sem stofnunin starfar eftir auk annars fróðleiks um vinnuverndarmál.

Umdæmisskrifstofur Vinnueftirlitsins:
Reykjavík, Bildshöfði 16, ☎ 5504600
Akranes, Stillholt 18, ☎ 4312670
Ísafjörður, Árnagata 2 – 4, ☎ 4503080
Sauðárkrúkur, Faxatorg 1, ☎ 4556015
Akureyri, Skipagata 14, ☎ 4606800
Egilsstaðir, Kaupvangur 6, ☎ 4711636
Hveragerði, Sunnumörk 2, ☎ 4834660
Reykjanesbær, Grófin 17a, ☎ 4211002

ISBN-10 9979-863-42-0
ISBN-13 978-9979-863-42-7




5. Varnir gegn fallandi hlutum.

Starfsmenn skulu varðir fyrir hættu af fallandi hlutum. Efni og búnaði skal komið fyrir og staflað upp þannig að ekki sé hættu á að hann velti eða falli á hliðina.

6. Vélar, tæki og verkfæri.

Vinnuvélar og tæki skulu vera í góðu ástandi, skoðuð reglulega og notuð á réttan hátt. Handverkfæri og annar búnaður skulu vera í góðu ástandi og vel við haldið. Mikilvægt er að starfsmenn noti vélar, tæki og verkfæri á réttan hátt.




7. Göt í gólfum, veggjum og vinnupöllum.

Sérhvert gat í vegg eða gólfi þar sem hættu getur verið á að menn falli niður skal vera umgirt fullnægjandi vörnum svo sem handriði eða hleri settur yfir gatið.

8. Stigar.

Stigar skulu vera framleiddir í samræmi við staðal EN-131 eða sambærilega staðla sem gilda um stiga til iðnaðarnota. Stigar smíðaðir á vinnustað skulu gerðir í samræmi við leiðbeiningar Vinnu- eftirlitsins. Einungis er leyfilegt að nota stiga við vinnu í hæð þegar unnið er tímabundið verk.



9. Efni og efnisafgangar.

Efni og efnisafgöngum skal staflað og komið fyrir á afmörkuðum svæðum svo ekki skapist slyshætta. Umferðar- og undankomuleiðum skal haldið hreinum og þær merktar á viðeigandi hátt.

10. Vinnuvernd.

Atvinnurekandi skal koma á vinnuverndarstarfi. Ef starfsmenn fyrirtækisins eru 10 eða fleiri skal hann tilnefna fyrir sína hönd öryggisvörð sem lítur eftir því að farið sé að lögum og reglugerðum. Starfsmenn kjósa sér öryggis-trúnaðarmann sem er þeirra fulltrúi við að lita eftir öryggismálum á vinnustaðnum. Saman skulu þeir stuðla að bættu starfsumhverfi á vinnustaðnum og sjá til þess að Lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sé framfylgt.

Öryggi á byggingarvinnustað

